



Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Reykjavík, 11. febrúar 2021.

Efni: Athugasemdir við tillögu á þingskjali nr. 13

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við þann hluta tillögu er varðar hvenær leikbann tekur gildi vegna uppsafnaðra gulra spjalda. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að það sé í anda leikbanna að þau séu tekin út eftir að úrskurðað hefur verið um þau í stað þess að fáeinir dagar líði á milli.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ gerir hins vegar athugasemdir við þá tillögu að áfrýjunarheimild á úrskurðum vegna leikbanna sé lækkuð úr þremur leikjum og niður í tvo. Að mati aga- og úrskurðarnefndar er þröskuldur vegna áfrýjunar á úrskurðum um leikbann nú þegar lágur. Nái tillagan fram að ganga verður hægt að áfrýja ákvörðunum aga- og úrskurðarnefndar um að þyngja sjálfkrafa leikbann um aðeins einn leik. Með því er dregið úr vægi aga- og úrskurðarnefndar sem ákvörðunarvalds, auk þess gæti breytingin haft í för með sér verulega aukinn fjölda áfrýjana til áfrýjunardómstóls KSÍ vegna agamála.

Samkvæmt reglum um agaviðurlög hefur rautt spjald í för með sér sjálfkrafa eins leiks bann og er aga- og úrskurðarnefnd ekki heimilt að hreyfa við sjálfkrafa leikbanni. Hlutverk aga- og úrskurðarnefndar er hins vegar að leggja mat á og skera úr um hvort tilefni sé til að þyngja sjálfkrafa leikbann eður ei með tilliti til leikbrots sem um ræðir. Tekur nefndin tillit til þeirra gagna sem borist hafa til nefndarinnar fyrir fund hennar á þriðjudegi, þ.á.m. skýrslu dómarans um brottvísun og skriflegar athugasemdir við brottvísunina (t.d. greinargerð, myndbandsupptöku eða annað) sem borist hafa frá því félagi sem í hlut á. Félögum er þ.a.l. heimilt að tala sínu máli og getur reynt að fá lagfæringu sinna mála fyrir aga- og úrskurðarnefnd ef þau telja sig hafa verið beitt misrétti.

Samkvæmt núgildandi reglum er heimilt að áfrýja ákvörðunum nefndarinnar um að þyngja sjálfkrafa leikbann um tvo leiki (samanlagt þrjá) og þar liggur þröskuldurinn. Ekki hefur verið heimilt að áfrýja ákvörðunum nefndarinnar um að þyngja sjálfkrafa leikbann um einn leik (samanlagt tvo). Þessi takmörkun á áfrýjunum vegna agamála er einn liður í því að tryggð sé skjót málsmeðferð agamála og að þeim sé alla jafna hægt að ljúka á sem skemmstum tíma. Það er mat aga- og úrskurðarnefndar, að ef afnumin yrði sú takmörkun þá kæmi það til með að tefja framgang og úrlausn agamála og yrði til þess að úrlausn agamála fengist ekki í mörgum tilvikum fyrr en að töluverðum tíma liðnum frá agabrotinu sjálfu.

Með kveðju,

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ